

## Fundargerð aðalfundar FLAF 12. 5. 2015

Fundurinn var settur kl. 20- í húsakynnum SR við Elliðavatn.

|                          |                     |             |
|--------------------------|---------------------|-------------|
| Stjórnarmeðlimir mættir: | Kjartan Kárason     | formaður    |
|                          | Sigurlaug Guðm.d.   | Heiðarbraut |
|                          | Valdimar Reynisson  | Hólsbraut   |
|                          | Guðrún S. Ólafsd.   | Keldudalur  |
|                          | Einar R. Sigurðsson | Hlíðarbraut |
|                          | Hjalti Elísson      | Krókur      |

|              |                   |          |
|--------------|-------------------|----------|
| Ekki mættur: | Sveinn Baldursson | Gilbraut |
|--------------|-------------------|----------|

|                   |                          |
|-------------------|--------------------------|
| Fundarstjóri var: | Magnús Jóhannesson       |
| Ritari:           | Sigurlaug Guðmundsdóttir |

Fundarstjóri setti fundinn og fór yfir dagskrá hans.

Formaður las skýrslu stjórnar. Skýrslan fylgir fundargerðinni.

Gjaldkeri lagði fram og gerði grein fyrir ársreikningi sem var samþykktur. Hann fylgir fundargerðinni.

Formaður og aðrir stjórnarmeðlimir voru endurkjörnir.

Magnús Jóhannesson og Tryggvi Þórðarson verða áfram skoðunarmenn reikninga.

Félagsgjöld verða óbreytt, 3000.- næsta ár.

### ÖNNUR MÁL:

Einar Kristjánsson, Gilbraut, lagði til að stjórnin þrýsti á SR til að kaupa Fellsmörkina. Umfæður um það mál fóru í gang og var Hjalti Elísson fyrir svörum. Marg endurteknar spurningar og svör um mat og möguleika SR á að fá Mörkina keypta af ríkinu með milligöngu Mýrdalshrepps komu fram. En eins og segir í síðustu fundargerð FLAF er SR enn í viðræðum við umboðsmenn eiganda jarðanna.

Að loknum fundarstörfum hélt Valdimar Reynisson, bæði skemmtilegt og áhugavert erindi/fyrirlestur um skógarnytjar. Hann bauð líka félagsmönnum að koma í heimsókn í Skorradalinn síðsumars, til að skoða framkvæmdir Skógræktarfélags Ríkisins þar.

Fundi var slitið kl. 21.15 og var þá gengið til kaffidrykkju.